Selfossi, 04.01.2024

# FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS ÁRBORGAR
*****************

**68. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2022-2026 haldinn fimmtudaginn 4. janúar 2024, á vesturvæng Ráðhúss, kl. 08:10.**

**Mætt**:

Bragi Bjarnason, formaður, D-lista
Brynhildur Jónsdóttir, varaformaður, D-lista
Álfheiður Eymarsdóttir, bæjarfulltrúi, Á-lista
Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista
Arnar Freyr Ólafsson, áheyrnarfulltrúi, B-lista
Helga María Pálsdóttir, bæjarritari
Álfheiður Eymarsdóttir, Á-lista tekur þátt í gegnum fjarfundabúnað.
**Dagskrá:**

## Almenn erindi

**1. 2308175 - Sala á landi í Björk**

*Niðurstaða tilboða í sölu á landi undir íbúðarbyggð - Björk III*

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði hæstbjóðanda í landið Björk 3 og felur bæjarritara að ganga til samninga að því gefnu að hæstbjóðandi uppfylli skilyrði sérstakra útboðsskilmála. Bæjarráð veitir Helgu Maríu Pálsdóttur, bæjarritara, kt. 250282-5839, fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samninga og skjöl vegna sölunnar.

Álfheiður Eymarsdóttir, Á-lista situr hjá undir afgreiðslu málsins og leggur fram eftirfarandi bókun:

Undirrituð stendur ekki í vegi fyrir að besta tiboði sé tekið en situr hjá þar sem undirrituð er í grundvallaratriðum á móti því að byggingaland i eigu sveitarfélagsins sé selt.

**2. 2312069 - Byggðakvóti fiskveiðiársins 2023-2024**

*Tillögur Sveitarfélagsins Árborgar um sérstök skilyrði vegna byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2023/2024*

Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra að sérreglum vegna byggðakvóta fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri fiskveiðiárið 2023-2024.

**3. 2312260 - Rekstrarleyfisumsögn - Austurvegur 1-5 - Byrja**

*Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 15. desember, þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í flokki II - Tegund A veitingahús. Austurvegi 1-5, 800 Selfossi.*
*Umsækjandi: Byrja ehf, kt. 701023-0210.*

*Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis.*

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis.

### 4. 2312167 - Rekstrarleyfisumsögn - Nýibær 6 umsókn um breytingu á rekstrarleyfi til stækkunar

*Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dags. 7. desember, þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi til stækkunar gististaðar í flokk II - C Minna gistiheimili, Nyjibaer studio apartment, Nýjibær lóð 6 801 Selfossi.*
*Umsækjandi: Linda Björk Ómarsdóttir kt. 200671-5549.*

*Byggingarfulltrúi gerði ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis.*

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis.

### 5. 2212157 - Starfshópur í leik- og grunnskólamálum

*Fundargerð starfshóps um uppbyggingu leik- og grunnskóla haldinn 14. desember.*

*Liður 1. Fyrirhuguð stækkun leikskóla í sveitarfélaginu.*
*Búið að opna tvær leikskóladeildir sem útibú frá Jötunheimum við Heiðarstekk.*
*Rætt um framhald á uppbyggingu leikskólanna.*

*Starfshópurinn leggur til að bæjarráð skipi byggingarnefnd vegna stækkunar Jötunheima.*

*Liður 3. Húsnæðismál grunnskólanna.*
*Starfshópurinn óskar eftir við bæjarráð að gert verði minnisblað um framkvæmd og tímalínu við stofnun og byggingu Stekkjaskóla sem nýta megi til skipulags á byggingum nýrra grunnskóla í sveitarfélaginu.*

*Liður 4. Húsnæði sem áður hýsti skólastarf á Eyrarbakka.*
*Rýmisþörf skólans er fullnægt í núverandi húsnæði. Það húsnæði sem áður hýsti skólastarf á Eyrarbakka telur starfshópurinn að þurfi ekki að nýta sem kennsluhúsnæði til framtíðar. Lagt er til að bæjarráð ákveði hvort ráðist verði í endurbætur á húsnæðinu og því fundið nýtt framtíðar hlutverk.*

Liður 1

Bæjarráð leggur til að núverandi starfshópur um uppbyggingu leik- og grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg vinni áfram að verkefninu. Fundagerðir hópsins verða áfram lagðar fram til kynningar í bæjarráði.

Liður 3

Bæjarráð tekur undir tillögu starfshópsins um gerð minnisblaðs um það

hvernig framvindu framkvæmda við stofnun og byggingu Stekkjaskóla var háttað. Bæjarráð vísar málinu til sviðsstjóra fjölskyldusviðs til úrvinnslu og óskar eftir því að unnið verði minnisblað sem lagt verði fyrir bæjarráð.

Liður 4

Bæjarráð tekur undir að finna þurfi húsnæðinu hlutverk til framtíðar og kanna alla möguleika til endurbóta. Á meðan ekki er búið að ákveða framtíðarhlutverk húsnæðisins sé eðlilegt að kostnaður við rekstur þess sé ekki bókfærður á málaflokk 04, fræðslumál. Bæjarráð óskar eftir því að fjármáladeild taki til skoðunar hvar skuli bókafæra kostnaðinn.

Bæjarráð óskar eftir minnisblaði frá mannvirkja- og umhverfissviði um möguleika á endurbótum húsnæðisins, hugsanlega áfangaskiptingu, kostnað og tímaáætlun. Bæjarráð leggur að auki til að kallað verði eftir hugmyndum frá íbúum og áhugasömum um hlutverk húsnæðisins í gegnum vefsvæðið “Betri Árborg" og er bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

**Fundargerðir til kynningar**

**6. 2301298 - Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023**

*940. fundur haldinn 15. desember.*

**7. 2301301 - Fundargerðir stjórnar SASS 2023**

*604. fundur haldinn 8. desember.*

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:05

| | |
|---|---|
| Bragi Bjarnason | Brynhildur Jónsdóttir |
| Álfheiður Eymarsdóttir | Arna Ír Gunnarsdóttir |

Arnar Freyr Ólafsson

Helga María Pálsdóttir

Rafræn skilríki

Undirritað af: Álfheiður Eymarsdóttir
Kennitala: 1806694779
Tími: 04.01.2024 9:27
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Bragi Bjarnason
Kennitala: 2504815359
Tími: 04.01.2024 10:30
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Brynhildur Jónsdóttir
Kennitala: 0807692969
Tími: 04.01.2024 10:57
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Arnar Freyr Ólafsson
Kennitala: 2412735719
Tími: 04.01.2024 15:34
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Helga María Pálsdóttir
Kennitala: 2502825839
Tími: 05.01.2024 9:43
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Arna Ír Gunnarsdóttir
Kennitala: 2708703339
Tími: 05.01.2024 11:04
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign